

## **Stýrihópur um styttingu vinnutíma í vaktavinnu.**

25. ágúst

### **Fundargerð (8)**

**Fundur haldinn í salarkynnum ríkissáttasemjara, Borgartúni 21, þriðjudaginn 25. ágúst, kl. 14.00**

Á staðnum voru::

Fundarstjóri Helga Jónsdóttir  
Verkefnisstjóri Bára Hildur Jóhannsdóttir

Eftirtaldir sátu fundinn gegnum fjarfundabúnað Teams:

Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir  
Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdótti  
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Margrét Sigurðardóttir  
Frá verkefnisstjórn Aldís Magnúsdóttir og Dangý Aradóttir Pind.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Gögn til undirbúnings fundinum voru send út laugardaginn 22. ágúst.

1. **Fundargerð** frá 18. ágúst. Samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir skýrsluna sem send var út með fundargögnum.
3. **Vinnu- og samskiptareglur stýrihóps.** Fundarmenn lögðu hver og einn til efni í vinnu- og samskiptareglur fyrir hópinn. Bára Hildur og Helga setja saman drög að reglum, sem verða sendar út. Frekari ábendingar má senda til verkefnisstjóra en stefnt að því að samþykkja reglurnar á næsta fundi.
4. **Tæknihópur** - næstu skref. Aldís fór yfir minnisblað, sem sent var út með fundargögnum. Samvinnu milli launagreiðenda um tæknileg úrlausnarefni fagnað og verður stýrihópnum gert kleift að fylgjast með framvindu mála.
5. **Erindisbréf.** Helga fór yfir 2. drög erindisbréfa fyrir matshóp og innleiðingaráhóp 1. eftir yfirferð með fulltrúum verkefnisstjórnar og BHM. Drög erindisbréfa voru samþykkt með lítilsháttar breytingum og mun verkefnisstjóri undirrita erindisbréfin fyrir hönd stýrihóps. Verkefnisstjórn kallar matshópinn saman til að afhenda erindisbréfin og fara yfir verkefni sem bíða og samskipti og tengsl milli matshóps og verkefnisstjórnar.
6. **Skipan í innleiðingaráhópa.** Þeir sem eiga eftir að tilnefna í innleiðingaráhópa voru beðnir að senda tilnefningar svo fljótt sem auðið er til verkefnisstjóra

7. **Upphafsfundur.** Bára Hildur greindi frá undirbúningi verkefnisstjórnar, sem miðar að fjórum fjarfundum 4. september n.k. til að kynna verkefnið og fá fleiri kyndilbera til liðs við það. Boðunarlistar í vinnslu hjá verkefnisstjórn .
8. **Tengslanet.** Bára Hildur sagði frá því að sameiginlegt netfang [betrivinnutimi@rikissattasemjari.is](mailto:betrivinnutimi@rikissattasemjari.is) væri komið fyrir verkefnastjórn hjá ríkissáttasemjara og gert ráð fyrir að gegnum hana geti verið tengsl við verkefnisstjórn og stýrihóp sem og alla þá haghafa sem hafa fyrirspurnir að einhverju tagi. Jafnframt greindi hún frá því að verkefnisstjórnin hygðist eiga fundi með einstökum haghöfum til að kynna verkefnið og afla skilnings á því. Leitað verður til fulltrúa í stýrihópi til að skipuleggja með hverjum halda eigi fundi.
9. **Önnur mál.** Verkefnisstjórn falið að yfirfara skjalið um stýrikerfi innleiðingarinnar og uppfæra það miðað við þær ákvarðanir sem teknar hafa verið í stýrihópnum. Meðal annars að skýra betur hlutverk og verkefni matshóps og innleiðingarhópa í ljósi erindisbréfa.

Fundi slitið kl. 15.27 og næsti fundur ákveðinn sem fjarfundur þriðjudaginn 8.september n.k. kl. 14. Fundargerð verður send í tölvupósti.